

Kennsluáætlun 2019-2020

## Myndmennt í 3.bekk

Í myndmennt eru fjórar kennslustundir á viku fjórðung úr vetri í 3. bekk. Kennari er Heiðrún Ósk Ölversd. Michelsen.

### Vinnulag

Námsefnið er kynnt nemendum með stuttum fyrirlestrum þar sem hugmyndir þeirra um efnið er rætt, ásamt því er efninu stundum fylgt úr hlaði með sýnikennslu. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni á eigin hraða eftir getu. Lögð er áhersla á að nemendur þroski sköpunarmátt sinn, fái jákvæða upplifun og öðlist virðingu fyrir mynd- og handverki.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: grunnlitirnir, sköpun, vaxlitir og blek, stimplun, landslag, stafakarl, málun. Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: grunnlitirnir, abstrakt, pappírsbrot, pappírsvefnaður, speglun.

### Vinnuáætlun

| Viðfangsefni     | Námsefni                                             | Hæfniviðmið – notuð við námsmat                                                                                                                                                                                                                                             | Afurð / Námsmat          |
|------------------|------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------|
| <b>Tjáning</b>   | Efni frá kennara.<br>Hugmyndir af<br>veraldarvefnum. | <b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>fjallað um abstrakt.</li> <li>tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.</li> <li>talið upp frumlitina.</li> <li>útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.</li> </ul> | Símat.<br>Leiðsagnarmat. |
| <b>Samskipti</b> |                                                      | <b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum.</li> </ul>                                                                                                                                                   | Símat.<br>Leiðsagnarmat. |

|                   |  |                                                                                                                                                                                                                                    |                          |
|-------------------|--|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------|
| <b>Vinnubrögð</b> |  | <b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið vel og farið eftir fyrirmælum.</li> <li>• sýnt vönduð vinnubrögð og góða umgengni.</li> <li>• unnið sjálfstætt út frá kveikju við eigin sköpun.</li> </ul> | Símat.<br>Leiðsagnarmat. |
| <b>Framkoma</b>   |  | <b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• komið fram við aðra af virðingu og kurteisi.</li> </ul>                                                                                                          | Símat.<br>Leiðsagnarmat. |
| <b>Sköpun</b>     |  | <b>Nemandi getur...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skapað myndverk með margvíslegum aðferðum.</li> <li>• unnið út frá kveikju við eigin sköpun.</li> </ul>                                                           | Símat.<br>Leiðsagnarmat. |
| <b>Skilningur</b> |  | <b>Nemandi getur...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.</li> </ul>                                                                                                      | Símat.<br>Leiðsagnarmat. |

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

## Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Heiðrún Ósk Ölversd. Michelsen